



90. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 11.
júlí 2023
og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

2. 202204221 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2023 - 2026

Fjármálastjóri fór yfir áætlun áhrif nýrra kjarasamninga á launakostnað í A hluta og hækkun skatttekna sem og frávík vegna þessa frá samþykktri fjárhagsáætlun fyrir 2023 og kynnti drög að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirliggjandi tillögu að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2023 þar sem gert er ráð fyrir að hækkun launakostnaðar í A hluta, frá samþykktri áætlun, nemi um 229 millj.kr. og hækkun skatttekna nemi um 240 millj.kr.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202203036 - Deiliskipulag, Úlfstaðaholt, frístundabyggð

Fyrir liggur bókun frá fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs, dags. 03.07.2023, varðandi deiliskipulag á Úlfstaðaholti á Völlum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að tillögu umhverfis- og framkvæmdaráðs samþykkir byggðaráð Múlapings að sækja um fyrir hönd sveitarfélagsins til Innviðaráðuneytisins að fá veitta undanþágu frá grein 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð, lið "d" vegna fjarlægðar milli bygginga og vega, fyrir lóðirnar næst veginum að sumarbústaðabyggðinni í Eyjófsstaðaskógi. Miðað er við að fjarlægð húsa að vegi verði ekki minni en 35 metrar. Skipulagsfulltrúa falin framkvæmd málsins.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202206247 - Erindisbréf nefnda

Fyrir liggur tillaga er bókuð var á fundi byggðaráðs Múlaþings 27.06.2023, og snýst um að auka skilvirkni við afgreiðslur leyfisveitinga sem eru á borði heimastjórna. Jafnframt liggja fyrir umsagnir heimastjórna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og felur skrifstofustjóra að láta uppfæra erindisbréf heimastjórna sem og samþykktir um stjórn Múlaþings í samræmi við þetta.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202205380 - Kosning fulltrúa í embætti, stjórnir, ráð og nefndir

Fyrir liggur að afgreiða þarf endurkjör forseta og varaforseta sveitarstjórnar auk byggðaráðs Múlaþings.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Jónína Brynjólfsdóttir verði kjörinn forseti sveitarstjórnar, Berglind Harpa Svavarsdóttir, fyrsti varaforseti og Hildur Þórisdóttir annar varaforseti. Jafnframt verði í byggðaráði kjörnir eftirtaldir fulltrúar: Berglind Harpa Svavarsdóttir, D-lista (formaður), Vilhjálmur Jónsson, B-lista (varaformaður), Ívar Karl Hafliðason, D-lista, Hildur Þórisdóttir, L-lista, Helgi Hlynur Ásgrímsson, V-lista, og Þröstur Jónsson, M-lista (áheyrnarfulltrúi).

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202305193 - Samningur um skólaþjónustu nr.444/2019 vegna barna í leik- og grunnskóla í Vopnafjarðarhreppi og Múlaþings

Fyrir liggur samningur um skólaþjónustu vegna barna í leik- og grunnskóla í Vopnafjarðarhreppi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi samning milli sveitarfélaganna Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps um skólaþjónustu og stoðkerfi sveitarfélaganna vegna leik- og grunnskóla í Vopnafjarðarhreppi. Fræðslustjóra Múlaþings falið að sjá til að fyrirbyggjandi samningur verði virkjaður.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202302023 - Strandveiðar 2023

Fyrir liggur bókun frá heimastjórn Borgarfjarðar, dags. 06.07.2023, varðandi strandveiðar 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings tekur undir með heimastjórn Borgarfjarðar og beinir því til matvælaráðherra að auka aflaheimildir strandveiða á yfirstandandi vertíð.



Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við ráðherra auk bókunar heimastjórnar Borgarfjarðar varðandi málið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202302128 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 22.06.2023.

Lagt fram til kynningar.

9. 202301189 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundargerðir 2023

Fyrir liggur fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands, dags. 28.06.2023.

Lagt fram til kynningar.

10. 202301167 - Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 06.07.2023.

Lagt fram til kynningar.

11. 202303138 - Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, dags. 10.07.2023.

Lagt fram til kynningar.

12. 202306114 - Ósk um tilnefningu aðliggjandi sveitarfélaga í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði

Fyrir liggur erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir því að Fjarðabyggð og Múlaping tilnefni í sameiningu tvo aðalfulltrúa sveitarfélaganna í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði, í stað Elfu Hlínar Sigrúnar Pétursdóttur og Gauta Jóhannessonar sem beðist hafa lausnar frá setu í ráðinu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að höfðu samráði við Fjarðabyggð samþykkir byggðaráð Múlapings að tilnefna Ívar Karl Hafliðason sem aðalfulltrúa í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði. Byggðaráð beinir því jafnframt til innviðaráðuneytis að tekið verði til endurskoðunar, í samráði við sveitarfélög á svæðinu, hvernig skipa skuli í svæðisráð í framtíðinni. Ritara byggðaráðs falið að koma framangreindri afgreiðslu á framfæri við innviðaráðuneytið.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn á móti (HHÁ)

Fulltrúi VG Helgi Hlynur Ásgrímsson telur að Múlaping ætti ekki að skipa fulltrúa í svæðisráð um strandsvæðisskipulag að svo stöddu vegna fráleitar nálgunar innviðaráðuneytis á nefndarskipunina.



13. **202307024 - Uppbygging dreifikerfis Landsnets í Múlaþingi**

Fyrir liggja upplýsingar um að Landsnet áformar að tengja Fljótsdalslínur í Hryggstekk.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings vill koma á framfæri þakklæti til Landsnets fyrir þá uppbyggingu sem hefur orðið á dreifikerfi Landsnets á og til Austurlands undanfarin ár, svo sem Kröflulína 3, hækkun á línuspennu milli tengivirkja og lagningu strengja í jörð.

Þá fagnar byggðaráð framkvæmdaáætlun Landsnets um uppbyggingu tengivirkisins í Hryggstekk á árunum 2025-2027, sem m.a. felur í sér tengingu Fljótsdalslínu í Hryggstekk með nýju 220kV spennivirki. Einnig er áætlun um að efla tengivirkið við Eyvindará fagnað sem og endurnýjun tengivirkis á Seyðisfirði.

Byggðaráð felur sveitarstjóra að fá aðila frá Landsneti til fundar með byggðaráði til að ræða þessa uppbyggingu og til að upplýsa um þau tækifæri sem þetta kann að hafa í för með sér fyrir Austurland.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

14. **202307027 - Ágangur búfjár á heimalöndum**

Fyrir liggja tillögur að verklagsreglum varðandi ágang búfjár á heimalöndum. Tillögurnar eru unnar af Aroni Thorarensen, lögfræðingi og verkefnisstjóra, Margréti Ólöfu Sveinsdóttur, verkefnastjóra umhverfismála og Óðni Gunnari Óðinssyni skrifstofustjóra. Einnig liggur fyrir erindi frá Bændasamtökum Íslands varðandi lausagöngu/ágang búfjár.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirliggjandi tillögum, auk erindis Bændasamtakanna, varðandi ágang búfjár í heimalöndum til umsagnar og upplýsingar hjá heimastjórnnum. Málið verður tekið til afgreiðslu í byggðaráði er umsagnir heimastjórna liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

15. **202306099 - Samráðsgátt. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038**

Til umfjöllunar eru drög að samgönguáætlun 2024 -2038 auk aðgerðaráætlunar 2024 - 2028.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela sveitarstjóra að skila inn í samráðsgátt umsögn sveitarfélagsins um tillögu að samgönguáætlun 2024-2038 í samræmi við umræðu á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

16. **202307019 - Samráðsgátt. Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu**

Fyrir liggur erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sent er á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga varðandi ábendingar og/eða tillögur til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings fagnar því að hafin sé vinna við skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu með það að markmiði m.a. að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga. Byggðaráð beinir því til umhverfis- og framkvæmdaráðs að móta ábendingar og/eða tillögur fyrir hönd sveitarfélagsins og koma á framfæri við starfshóp sem á vegum fjármála- og efnahagsráðherra var falin skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10

